

**60. landsþing**  
**Landssambands hestamannafélaga**  
**haldið á Fosshótel Stykkishólmi 14. - 15. október 2016**

**Þingforsetar:**

Valdimar Leifur Friðriksson  
Gretar D. Pálsson

**Ritarar:**

Hrefna Rós Lárusdóttir  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

**Þingsetning**

**Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH setti þingið**

Formaður bauð gesti og þingfulltrúa velkomna í Stykkishólmi. Ræddi um í aðdraganda þingsins að þetta sé annað landsþingið sem hann sæti á sinni ævi hér, hitt hafi verið þegar hann var á barnsaldri.

Það er ósk stjórnar að þingið verði árangursríkt og skemmtilegt svo við getum leitt hestamenskuna saman áfram veginn okkur öllum til framdráttar.

Formaður setti þingið og gaf forsætisráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni, orðið.

**Ávarp**

**Sigurður Ingi Jóhannsson, forsætisráðherra.**

Ráðherra hóf ávarp sitt á því að þakka fyrir tækifærið til að ávarpa þingið á þessum bjarta degi í Stykkishólmi.

Framtíðin tekur mið af því sem gert hefur verið til þessa, hestamenn hafa verið sjálfstæðir en ríkið hefur þó reynt að styðja við bakið á þeim og alltaf má gera betur.

Á fyrstu dögum sem landbúnaðarráðherra varð honum ljóst að það væri verk að vinna í því að sameina krafta okkar og við settum í framhaldinu af stað markaðsverkefnið um íslenska hestinn.

Fyrsta áfanga lauk með formlegri stefnumótun og verkefnið hófst í ársbyrjun 2016 en það er Íslandsstofa sem leiðir verkefnið. Tilgangur þess er að styrkja ímynd íslenska hestsins, byggja upp orðspor íslenska hestsins innanlands og um heim allan. Markmiðið er að ná til sem flestra. Þekkjum það hér á landi að við þurfum að snúa okkur meira að börnunum, sérstaklega þeirra sem standa utan "hestafjölskyldna".

Stjórnvöld komu að þessu verkefni með samningi við Íslandsstofu og fjármagn til verkefnisins er á ári hverju 25 milljónir króna gegn sama framlagi greinarinnar næstu 4 árin. Nú þegar eru 46 aðilar að verkefninu og ánægjulegt að milli aðila er góð samstaða og samvinna góð.

Þá ræddi ráðherra landsmótið á Hólum sem var skemmtilegt, tókst frábærlega og var gott merki um hversu vel þessi félagsskapur getur staðið að verki. Hestakosturinn var frábær, breiddin mikil og ekki hægt að muna eftir einni stjórnun mótisins. Glæsilegt hvernig til tókst og óskaði ráðherra hestamönnum til hamingju með gott mót.

Von og vísa að framtíð íslenska hestsins sé björt. Með faglegri vinnu og samtakamætti skapast möguleikar á verðmætasköpun og hestamennskan mun skapa sér þann vettvang og virðingu sem hún á skilið.

Formaður þakkaði ráðherra hlý orð og góðan stuðning í gegnum árin.

### **Látinna félaga minnst**

Formaður bað þinggesti að rísa úr sætum og minnst látinna félaga með einnar mínútu táknrænni þögn.

### **Kosning þingforseta og þingritara**

Valdimar Leó Friðriksson og Gretar D. Pálsson tilnefndir sem þingforsetar og það staðfest með lófataki.

Hrefna Rós Lárusdóttir og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir tilnefndar sem ritarar og það staðfest með lófataki.

Valdimar tók þá við stjórn þingsins og þakkaði það traust sem forsetum er sýnt.

### **Félagar heiðraðir**

Lárus Ástmar Hannesson og Jóna Dís Bragadóttir sáu um heiðrun félaga og sögðu að aldrei mætti gera of lítið af því að þakka fyrir vel unnin störf sem bæði tími og fjármunir fara í.

### **Bjarni Alexandersson**

Stofnfélagi Snæfellinga og formaður þess árið 1969 og stjórnarmaður árum saman. Hefur í gegnum árin stutt starf Snæfellinga á margan hátt og lagði mikið af mörkum í uppbyggingu Kaldármela, starfaði á mótum og tók þátt í keppni. Bjarni kom einnig að vinnu við hrossaræktardeild Snæfellinga og HrossVest. Hann var hvatamaður að uppsetningu áningagerðis í Stakkhamarsnesi, fann því stað og vann að uppsetningu.

Stakkhamarshrossin eru þekkt fyrir sköruglega framgöngu og hafa Bjarni og fjölskylda náð ágætum árangri í hrossarækt.

Bjarni hefur hlotið Þotuskjöldinn sem veittur er þeim félagsmanni í Snæfellingi sem lagt hefur mikið af mörkum í þágu félagsins, hann er heiðursfélagi í Snæfellingi og hefur hlotið heiðursmerki HrossVest.

Bjarni Alexandersson hlýtur Gullmerki Landssambands hestamannafélaga.

### **Guðrún Fjeldsted**

Hefur verið dyggur félagsmaður í Félagi tamningamanna í áratugi og einn af ötulustu reiðkennurum landsins. Hún er enn á fullu við kennslu ungra knapa og starfaði m.a. í Fákí í 8 ár.

Var í fjórðungsmótanefnd á tímabili, formaður Faxa um árabíl og hefur verið ötul á keppnisvellið frá unga aldri. Guðrún hefur setið í Reiðveganefnd LH sem og Æskulýðsnefnd LH.

Guðrún Fjeldsted hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.

### **Tryggvi Gunnarsson**

Sat í stjórn Snæfellinga um árabíl og var formaður þess um tíma. Sat mörg LH þing og var lykilmaður í uppbyggingu svæðisins á Kaldármelum og formaður fjórðungsmótsnefndar bæði 1988 og 1992. Tryggvi var stjórnarmaður í

Hrossaræktarsambandi Vesturlands í 8 ár, hann er heiðursfélagi í Hestamannafélaginu Snæfellingi og HrossVest. Hann hefur stundað hrossarækt ásamt konu sinni Kristínu Lilju Nóadóttur, á jörð sinni á Brimilsvöllum, með góðum árangri.

Tryggvi Gunnarsson hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.

### **Sigurborg Ágústa Jónsdóttir**

Fáir hrossaræktendur á Vesturlandi hafa markað eins djúp spor í ræktun íslenskra hrossa og Sigurborg en hún ræktaði mest undan og útaf Skeifu frá Kirkjubæ. Helst ber að nefna bræðurna Ófeig og Borgfjörð, og er hún enn að rækta hross.

Sigurborg, eða Bogga á Báreksstöðum, er mjög góður knapi, fer vel á hesti, mjúk og lagin við skeið.

Hún hefur tekið virkan þátt í félagsstörfum hestamanna og sat í stjórn Faxa um tíma þar sem hún lagði sérstaka áherslu á eflingu fræðslustarfs. Hún mætir enn á mótin, nú orðið sérstaklega til að fylgjast með afkomendum sínum sem mörg hver eru í hestamennsku.

Bogga er heiðursfélagi í Hestamannafélaginu Faxe og hefur einnig hlotið heiðursviðurkenningu HrossVest.

Sigurborg Ágústa Jónsdóttir hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.

### **Haukur Sveinbjörnsson**

Haukur er einn af stofnfélögum Snæfellinga og starfaði í og fyrir félagið í áratugi og var í stjórn þess um tíma. Hann var einnig í stjórn HrossVest um árabíl sem ritari. Starfaði sem þulur á landsmótum, fjórðungsmótum og félagsmótum í áratugi og kom að uppbyggingu félagsins á margan hátt.

Hestamenn hafa löngum verið velkomnir á Snorrastaði og eru þeir margir sem hafa notið leiðsagnar Hauks um hinar fallegu Löngufjörur í gegnum tíðina.

Haukur er heiðursfélagi í Hestamannafélaginu Snæfellingi og hefur einnig hlotið heiðursviðurkenningu HrossVest.

Haukur Sveinbjörnsson hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.

### **Bragi Ásgeirsson**

Bragi var formaður hesthúsaeigendafélagsins í Borgarnesi um árabíl. Á þeim tíma var stigið mikið framfaraspor í hesthúsamálum í Borgarnesi er byggðin var flutt þar sem hún er nú. Bragi byggði jafnframt fyrsta hesthúsið á Vindásnum og á þessum tíma var einnig reist fyrsta reiðgerðið á svæðinu.

Bragi sat í stjórn Faxe í mörg ár, var varaformaður með Skúla í Skarði í nokkur ár. Hann var framkvæmdastjóri fjórðungsmóts sem haldið var á Faxaborg árið 1975 og sat í framkvæmdastjórn fjórðungsmótanna sem haldin voru á Kaldármelum 1980 og 1984.

Þá sat Bragi í stjórn Fáks frá 1993 til 2000 og var formaður 1996 til 2000. Hann kom mikið að reiðhallarsýningum á þessum tíma og stóð fyrir því ásamt öðrum að fyrsta landsmótið var haldið á höfuðborgarsvæðinu árið 2000.

Bragi var í stjórn Eiðfaxe um árabíl og stjórnarmaður í fjögur ár. Á þessum tíma var mikill umbrotatími í blaðaútgáfu og einnig var byrjað með vefinn ásamt Eiðfaxe International.

Bragi hefur einnig komið víða að málefnum hestamanna á landsvísu. Hann hefur jafnframt í nógu að snúast við að fylgja fjölskyldu sinni eftir í hestamennskunni.

Bragi Ásgeirsson hlýtur gullmerki Landssambands hestamannafélaga.

## **Æskulýðsbikar LH afhentur**

Helga B. Helgadóttir sá um afhendingu æskulýðsbikarsins en hann er veittur árlega því félagi sem þykir skara framúr í æskulýðsstarfi hverju sinni. Helga sagði það vera sanna ánægju að afhenda þennan bikar, sem er einn af þeim stærstu, en þetta er í 21. skipti sem bikarinn er afhentur.

Í ár bárust 16 skýrslur, en þeim hefur farið fækkandi sl. ár (voru 24 fyrir tveimur árum). Helga ræddi vangaveltur sínar um hvað veldur því að skýrslum hefur farið fækkandi, velti upp þeim möguleika hvort við séum of upptekin til að senda inn skýrslur, því ekki hefur hún trú á því að starfið hafi farið minnkandi, eða hvort skipta þurfi um form á innsendingu. Skoraði hún á þinggesti að vera dugleg að senda inn skýrslur í framtíðinni.

Félagið sem var valið í ár er búið að vera með nýjungar sem nefndinni þóttu spennandi. Voru t.a.m. með fræðsluspjall, námskeið í reiðtygjasmíði, opna tíma með leiðsögn í reiðhöll fyrir krakka (án foreldra), auk annarra námskeiða.

Skemmtilegt þegar bryddað er upp á nýjungum í starfinu og benti Helga á að allar skýrslurnar eru aðgengilegar inni á vef LH, undir Æskulýðsnefnd, ef önnur félög vilja nýta sér það sem þar er að finna.

Hestamannafélagið Sörli hlýtur bikarinn í ár og var það formaður æskulýðsnefndar Sörla sem veitti bikarnum viðtöku.

## **Lögmæti þingsins kannað og staðfest**

### **Kjörbréfanefnd skilar álit**

Oddrún Ýr Sigurðardóttir og Kristján Gíslason voru tvö í kjörbréfanefnd og ætla að hafa þann hátt á að lesa upp nöfn þeirra þingfulltrúa sem tilnefndir hafa verið á þingið. Sjá nánar í viðauka, aftast í þinggerðinni, lista yfir þingfulltrúa 60. landsþings LH.

Kjörbréf voru samþykkt samhljóða.

### **Þinginu hefur borist beiðni:**

Stjórn Spretts óskar eftir að fá að ráðstafa atkvæðum Berglindar Guðmundsdóttur og Rögnu Emilsdóttur, sem vegna forfalla komast ekki á þingið. Þeir sem fara með atkvæði þeirra eru Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Hermann Vilmundarson.

Beiðnin er heimil skv. grein 1.2.3., var hún því borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt með meginþorra greiddra atkvæða.

### **Skýrsla stjórnar og reikningar**

Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH, flutti skýrslu stjórnar sem er einnig aðgengileg á vef LH. Fór hann yfir helstu atriði er varða starf stjórnar að undanfögnu:

Stjórn og aðalstjórn tóku ákvörðun um það strax í upphafi árs 2014 að varastjórn væri alltaf boðuð til fundar og hefur varastjórn því tekið virkan þátt í starfinu, verkefni hafa dreifst vel á aðal- og varastjórn og gerir það starfið ánægjulegra og skilvirkara. Allir stjórnarmeðlimir hafa mismunandi þekkingu og styrkleika og gott að hafa svona breiðan grunn innan stjórnarinnar.

Formaður benti á að starfsskýrslur nefnda eru aðgengilegar á vef LH.

Ræddi það að starf stjórnar byggir að miklu leyti á starfi nefnda, nefndir séu ráðgefandi, nefndarfólk hafi staðið sig mjög vel og þakkaði formaður nefndarmönnum fyrir þeirra vinnuframlag.

Stærri verkefni sem ráðist hefur verið í:

Fóru í það að stofna afrekshóp í samstarfi við landsliðsnefnd, til að efla unga knapa og undirbúa þá betur til að takast á við stór verkefni, á hvaða vettvangi sem það er. Páll Bragi Hólmarsson hefur staðið sig vel í því að leiða það verkefni. Stjórn samþykkti fjármagn til verkefnisins, en að öðru leyti hefur það verið sjálfbært.

Unnið hefur verið talsvert í málefnum Skógarhóla. Þarna erum við virkilega með gullmola sem við eigum að hlúa að og nýta okkur. LH réðu staðarhaldara á vordögum, Bergdísí Finnbogadóttur og Árna Guðmundsson, þau hafa verið mjög öflugir starfsmenn á Skógarhólum, sem hafa skilað ágætum tekjum.

Skógarhólar fengu óvænt stórt stórt verkefni í september, sem kom inn á borð stjórnar og fólst í því að leigja staðinn út fyrir hátíðahöld fyrir erlent fyrirtæki. Stjórnarmennirnir Jóna Dís og Helga héldu utan um það verkefni af sinni alkunnu snilld og skilaði það verkefni um 1,5 milljón króna. Gott þegar að verkefnið skilar árangri og afgangi og eigum við að láta það renna í starfið.

Mikilvægt og gott samstarf hefur verið við BÍ, það er alltaf að verða formanni ljósara hversu mikilvægt þetta samstarf er. BÍ sjá um ut anumhald um Worldfeng, sem er einn helsti gagnagrunnur í heiminum um íslenska hestinn. Gerður var samningur um myndefni af landsmótum. Þeir reka svo landsmótin með LH, tölvukerfi osfrv. Þetta er sterkur bakhjarl að eiga, fagmenn að störfum og mikil hjálp í þessu samstarfi.

LH, FHB og FT sóttu um og fengu styrk til að kanna hagkvæmni sameiningar eða aukins samstarfs. Kristinn Hugason var ráðinn í verkefnið og skilaði skýrslu sem er á vefnum og fólk er hvatt til að lesa. Þar kemur m.a fram hvar hann telur að hægt sé að sækja fram og starfa saman. Niðurstaðan varð að ekki væri ráðlegt að sameina félögin (því það sameinaða félag félli ekki undir ÍSÍ), en virkilega væri hægt að efla okkur með auknu rekstrarlegu og faglegu samstarfi. Við megum aldrei gleyma okkur í hugsun í kringum okkar eigin stól.

Fóru í stórt verkefni; gerðust aðilar að markaðsverkefninu um íslenska hestinn "Horses of Iceland". Það er fróðlegt verkefni og ánægjulegt að stjórnvöld hafi komið svona vel til móts við hestaheiminn okkar og átt þetta frumkvæði að því að setja þetta af stað. Á eftir að skila miklu og verður verkefninu gerð frekari skil laugardaginn 15.október (daginn eftir) þegar Jelena Ohm mun flytja erindi um verkefnið.

Tölvunefnd LH hefur unnið mikið starf og hefur ásamt BÍ unnið að nýju veflægu kerfi innan Sportfengs. Eigum að hafa metnað til þess að gera þetta það vel og af framsýni, þannig að aðrir muni frekar vilja nota okkar kerfi. Allur gagnagrunnur okkar er geymdur á þessum stað og bara hagræðing af því að nota sama kerfið. Framtíðarsýnin er að vinna áfram með appið frá Landsmótinu, tengja meira saman, sjá dagskrá, ráslista, sundurliðaðar einkunnir o.s.frv. – allt í appinu, enginn pappír og allt í takt við 21. öldina. Þarna liggja möguleikar og þarna eigum við að sækja fram.

Landsmót 2016 (verður flutt erindi um það laugardaginn 15.október)

Heilt yfir gekk mótið mjög vel, það tókst það sem við ætluðum okkur – þ.e. að búa til viðburð sem væri hestamönnum til sóma. Hestarnir alltaf að verða betri og betri en þetta verður að vera upplifun, svo fólk vilji koma aftur. Unnin var stór könnun á þessu landsmóti, þar sem horft var til samfélagslegra áhrifa viðburðarins, auk efnahagslegra, auk þess að skoða aðra þætti. Niðurstöður eru væntanlegar síðar í vetur auk þess sem fyrirhuguð er ráðstefna um landsmót á vormánuðum.

Vorum heppin með allar stærri ákvarðanir sem voru teknar með þetta mót, þá ekki síst að ráða Áskel Heiðar. Þakkaði formaður Skagfirðingum samstarfið, þar sem valinn maður var í hverju rúmi, og gott samstarf við hestamenn og sveitarstjórnarmenn á svæðinu.

Þá þakkaði formaður fyrir að eiga öflugan hauka í horni, sem stóðu saman að því að gefa Háskólanum á Hólum tvö ný dómhús/kennslustofur, sem standa á sitthvorum veltinum á Hólum en það voru fyrirtækin Tengill, Steypustöð Skagafjarðar, Trésmiðjan Borg, Límtré/Vírnét, Steinullarverksmiðjan, Gluggar og Gler og Vörumiðlun. Áætlað verðmæti gjafanna eru um 20mkr.

Landsmótin sem framundan eru hefur verið úthlutað 6 ár fram í tímann. Nú sér mótshaldari alfarið um rekstur mótsins, og hefur þegar verið skrifað undir samning við Fák vegna landsmóts 2018. Þá var samþykkt að ganga til samninga við Sunnlendinga með mót 2020 á Gaddstaðafötum og við Sprett með mótið 2022 í Kópavogi, þó með fyrirfara um að samningar náist en gert er ráð fyrir svipuðu rekstrarformi og undirritað var við Fák.

Stjórn LH vonast til að við horfum fram á veg og hjálpumst að við að gera þessa viðburði ennþá betri og öflugri. Landsmót er á tveggja ára fresti og bara á einum stað í einu. Hugsunin er ekki staðsetningin, heldur sú stemming og sú eining sem við ætlum okkur að hafa.

Hvar erum við stödd? Tvö ár eru liðin frá því að aukaping landsþing var og mér finnst þetta vera spurning sem við eigum að spyrja okkur. Hvar erum við stödd sem félagsskapur, og hvert ætlum við?

Mig langar að fara að leggja mikla áherslu á nýliðun, menntamál, vinna meira með nefndum, reiðveganefnd, rétt okkar til að fara um landið, þurfum að bakka upp reiðveganefnd/samgöngunefnd. Eigum að ná samningum við ferðaþjónustaðila, og ná meiri peningum, miðað við aukið umfang ferðatengdrar hestamennsku og auknar tekjur því tengdu, sem renna í ríkissjóð.

### **Ársreikningar**

Ólafur Þórisson lagði fram reikninga fyrir árin 2014 og 2015 og fór yfir helstu liði. Reikningarnir eru aðgengilegir á vef LH.

Ársreikningur ársins 2014: Rekstrartekjur voru kr. 62.939.566, rekstrargjöld kr. 58.205.595. Skuldir og eigið fé 54.340.752, hagnaður ársins kr. 4.791.306.

Ársreikningur ársins 2015: Rekstrartekjur kr. 66.676.147, rekstrargjöld kr. 55.631.415, skuldir og eigið fé, kr. 65.204.720, hagnaður ársins kr. 8.601.522, tap af HM 2015 upp á 2,5mkr. (hlutur LH).

Ólafur fór yfir 8 mánaða rekstur LH 2016 í helstu atriðum, ásamt því að kynna fjárhagsáætlanir fyrir árin 2017 og 2018.

## **UMRÆÐUR**

- um skýrslu stjórnar og reikninga

### **Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ**

Sönn ánægja að vera hér í dag, þakkaði hestamönnum þeirra störf í þágu íþróttahreyfingarinnar, flutti kveðju frá forseta ÍSÍ, Lárusi Blöndal og eins starfsfólki framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Ræddi einstaklega gott samstarf á milli LH og ÍSÍ. Fyrir þinginu liggi margar og góðar tillögur, hér á þinginu eigi að takast á um málefni og fara svo sameinuð út í veröldina að þingi loknu. Óskar hestamönnum til hamingju með viðburðarríkt sl. starfsár og óskar velfarnaðar í þeim verkefnum sem framundan eru.

Hjá ÍSÍ var sl. ár viðburðarríkt og annasamt, Smáþjóðaleikar sem tókust vel, svo Ólympíuleikarnir í Ríó. Þrátt fyrir lélega umfjöllun og þar sem dregið var úr leikunum, þá tókust vel til og árangur íslendinga var góður.

Almenningsíþróttaverkefni: hjólað í vinnuna, lífshlaupið – hvatti fólk til þáttöku, hvatti líka þinggesti til að skoða verkefnið Fyrirmyndafélag. Settur gæðastimpill á þau félög sem fara í gegnum þetta verkefni. Þó félög hafi ekki farið í gegnum verkefnið, þá í 80-90% tilfella eru þau þegar fyrirmyndarfélög og þurfa litlu að bæta við til að öðlast þessa tilnefningu.

Minntist á 28. júlí sl. þegar undirraður var tímamótasamningur í sambandi við fjármögnun á afreksmannasjóði ÍSÍ, 100mkr á ári næstu 3 árin, ekki svo langt síðan voru 24mkr. í þessum sjóði og þetta því gríðarleg bylting fyrir íþróttastarfið. Settur saman hópur 3 aðila sem eiga að leita sér þekkingar og einnig búið að setja saman ráðgjafarhóp. Þetta starf mun skipta gríðarlega miklu máli og mikilvægt að þessir fjármunir nýtist sem allra best.

Hvatti til þess að fara að þeim stefnum sem ÍSÍ hafa sett fram og eru á síðu ÍSÍ, minntist einnig á viðbragðsáætlanir vegna ýmissa mála, miklar upplýsingar á síðunni sem hægt er að leita í. Verkefnið “Sýnum karakter” – þar er hægt að koma á framfæri hugmyndum varðandi þjálfun og fleira í starfi hestamanna.

Þakkaði framlag hestamanna til íþróttahreyfingarinnar og óskaði góðs gengis í leik og starfi.

### **Kristinn Guðnason**

Þakkar stjórninni fyrir vel unnin störf og lýsir ánægju með umræðu formanns um aukið samstarf og Worldfeng. Heldur að við getum notað þann grunn ennþá betur. Vill einnig lýsa ánægju sinni með skýrsluna sem segir að við eigum að vinna á fullu saman hér eftir sem hingað til.

Skýrsla stjórnar borin upp til samþykktar eða synjunar.

Skýrslan samþykkt samhljóða.

### **Kaffihlé**

#### **Kjör þingnefnda**

Margeir Þorgeirsson formaður kjörnefndar kom í pontu og gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Skv. grein 1.2.4. skulu starfa sex þingnefndir, að jafnaði er gerð tillaga um 5 fulltrúa í hverja nefnd.

Eftirtaldar þingnefndir skulu kjörnar og voru tilnefndir fulltrúar í allar nefndir til að tryggja að þær yrðu starfhæfar á þinginu:

#### **Fjárhagsnefnd**

Stefán Logi Haraldsson, Skugga, formaður  
Maríanna Gunnarsdóttir, Fáki  
Rúnar Þór Guðbrandsson, Herði  
Skapti Steinbjörnsson, Skagfirðingi  
Sigurður Tyrfingsson, Spretti

#### **Allsherjarnefnd**

Linda Gunnlaugsdóttir, Spretti, formaður  
Hjörtur Bergstað, Fáki  
Vilborg Sáradóttir, Sindra  
Ragnhildur Lofsdóttir, Sleipni  
Oddný M Jónsdóttir, Sörla

#### **Æskulýðsnefnd**

Sóley Margeirsdóttir, Mána, formaður  
Sjöfn Sæmundsdóttir, Háfeta  
Arnhildur Halldórsdóttir, Spretti  
Svanhildur Jónsdóttir, Grana  
S. Rúnar Bragason, Fáki

#### **Keppnisnefnd**

Snorri Ólafsson, Mána, formaður  
Hrefna Hallgrímsdóttir, Fáki  
Elvar Einarsson, Skagfirðingi  
Vignir Siggeirsson, Geysi  
Siguroddur Pétursson, Snæfellingi

#### **Kynbótanefnd**

Kristinn Hugason, Spretti, formaður  
Haukur Bjarnason, Faxe  
Guðmundur Birkir Þorkelsson, Trausta  
Líney Kristinsdóttir, Loga  
Garðar Sigursteinsson, Fáki

#### **Ferða-umhverfisnefnd**

Halldór H. Halldórsson, Spretti, formaður  
Einar Hermundsson, Sleipni  
Sæmundur Eiríksson, Herði  
Kristín Ásgeirsdóttir, Kópi  
Davíð Jónsson, Geysi

#### **Laganefnd**

Ólafur Haraldsson, Herði, formaður



Óðin Elíasson, Adam  
Þorvarður Helgason, Fáki  
Sigurður Guðmundsson, Herði  
Svala Svavarsdóttir, Glað

Kjörnum fulltrúum er skylt að starfa með nefndum þingsins, þeir fulltrúar sem ekki eru nefndir sérstaklega, velja sér nefnd til að starfa í. Eingöngu er hægt að kjósa í einni nefnd. Hver nefnd skal kjósa sér ritara.

Tillögur til þingsins lagðar fram og vísað til nefnda skv. eftirfarandi:

Þingskjal nr. 1 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 2 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 3 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 4 – laganefnd  
Þingskjal nr. 5 – laganefnd  
Þingskjal nr. 6 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 7 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 8 – ferða- og umhverfisnefnd  
Þingskjal nr. 9 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 10 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 11 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 12 – æskulýðsnefnd  
Þingskjal nr. 13 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 14 – dregin til baka  
Þingskjal nr. 15 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 16 – laganefnd  
Þingskjal nr. 17 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 18 – ferða- og umhverfisnefnd  
Þingskjal nr. 19 – æskulýðsnefnd  
Þingskjal nr. 20 – æskulýðsnefnd  
Þingskjal nr. 21 – æskulýðsnefnd  
Þingskjal nr. 22 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 23 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 24 – laganefnd  
Þingskjal nr. 25 – fjárhagsnefnd  
Þingskjal nr. 26 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 27 – laganefnd, tillaga um að hún fari í allsherjarnefnd - samþykkt  
Þingskjal nr. 28 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 29 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 30 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 31 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 32 – keppnisnefnd  
Þingskjal nr. 33 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 34 – allsherjarnefnd  
Þingskjal nr. 35 – ferða- og umhverfisnefnd

Allar tillögur má finna á vef LH. Auk formanns nefnda verður fundarstjóri og starfsmenn til aðstoðar í stærstu nefndunum, allsherjarnefnd og keppnisnefnd. Allsherjarnefnd verður staðsett í sal, aðrar nefndir í grunnskólanum.

Nefndastörf – hefjast kl. 17.00, starfa frameftir og þurfa að skila af sér fyrir miðnætti.

### **Laugardagur 15. október 2016**

Þingfundur, nefndir skila álitum, umræður og afgreiðsla.

Þingforseti Valdimar Leó Friðriksson setti fundinn og afhenti stjórn þingfundarins til Grétars D. Pálssonar, varaþingforseta.

Grétar skýrði út fyrirkomulag þingsins en þingstörf fara þannig fram að hver nefnd gerir grein fyrir störfum sínum, hverju þingskjali fyrir sig, þá verður opnað fyrir umræður og hver tillaga afgreidd sér.

### **Nefndir skila álitum**

#### **Ferða- og umhverfisnefnd**

Halldór H. Halldórsson formaður ferða- og umhverfisnefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar, en í henni störfuðu 15 aðilar, fyrir nefndinni lágu 3 þingskjöl, að auki kemur ályktun frá nefndinni, sem fær heitið þingskjal nr. 39. Allnokkrar umræður urðu í nefndinni um þingskjölin sem voru tekin í röð.

#### **Þingskjal nr. 8**

Nefndin lagði til að ályktunin verði samþykkt.

Umræða: Enginn kvað sér hljóðs.

**Afgreiðsla: Þingskjalið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.**

**Þingskjal nr. 18** - Nefndin leggur til breytingartillögu, þingskjal nr. 18a.

Umræða: Enginn kvað sér hljóðs.

**Afgreiðsla: Þingskjal 18a samþykkt samhljóða og þingskjal nr. 18 með áorðnum breytingum samþykkt.**

#### **Þingskjal nr. 35**

Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt.

Umræða: Enginn kvað sér hljóðs.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 35 samþykkt samhljóða.**

#### **Þingskjal nr. 39 - ályktun**

Ferða- og umhverfisnefnd leggur fram eftirfarandi ályktun:

*60. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að beina því til stjórnar LH að standa fyrir málþingi um reiðvegi.*

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 39 samþykkt samhljóða**

#### **Laganefnd**

Ólafur Haraldsson, formaður nefndarinnar gerði grein fyrir störfum hennar.

Í nefndinni sátu 9 nefndarmenn, fyrir nefndinni lágu 4 þingskjöl.

#### **Þingskjal nr. 4**

Laganefnd taldi að tillagan væri til bóta en leggur til breytingartillögu, þingskjal 4a, þar sem tekið er skýrt fram að "Sitjandi formaður og aðrir stjórnarmenn skulu tilkynna kjörnefnd hvort þeir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa minnst 4 vikum fyrir landsþing LH."

Umræða: Enginn kvað sér hljóðs, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum að leggja breytingartillöguna fyrir fundinn.

**Afgreiðsla: Þingskjal 4a samþykkt samhljóða og þingskjal nr. 4 með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.**

#### **Þingskjal nr. 5**

Laganefnd lagði til breytingartillögu, þingskjal 5a, um að síðari hluti þingskjalsins yrði felldur niður.

Umræða: Orðið gefið laust um breytingartillögu laganefndar, enginn kvað sér hljóðs, samþykkt samhljóða að leggja breytingartillöguna fyrir fundinn.

**Afgreiðsla: Þingskjal 5a samþykkt samhljóða og þingskjal nr. 5 með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.**

#### **Þingskjal nr. 16**

Tillagan hlaut ekki brautargengi innan nefndarinnar, tillögunni vísað frá á þeirri forsendu að verið sé að óska eftir breytingum á lögum félagsins en ekki vísað til með hvaða hætti eigi að breyta lögnum. Tillagan því ekki tæk til breytinga á lögum félagsins að mati nefndarinnar. Tillögunni var því vísað frá á þessum forsendum.

Orðið gefið laust um frávísunartillöguna, enginn kvað sér hljóðs,

**Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 16 frá.**

#### **Þingskjal nr. 24**

Einróma álit nefndarmanna að nauðsynlegt væri að skerpa á þessar reglu um keppnisréttinn. Laganefnd taldi ekki farsælt að taka upp þessa breytingartillögu eins og hún var lögð fram, taldi að ræða þurfi tillöguna á víðari grundvelli og taka upp endurskoðun á þessum reglum. Nefndin leggur því til að þessari tillögu verði vísað til stjórnar LH til afgreiðslu. Laganefnd beinir því jafnframt til stjórnar að hún skipi millipinganefnd til að endurskoða þessar reglur og jafnframt skoða hvort skoða þurfi aðrar reglur laga LH.

Umræða: Tillaga nefndarinnar borin upp án umræðu.

**Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 24 til stjórnar LH.**

#### **Æskulýðsnefnd**

Sóley Margeirsdóttir formaður nefndarinnar gerði grein fyrir störfum hennar. Í nefndinni voru 29 nefndarmenn frá 18 félögum, sem telst metþátttaka. Þakkaði nefndarmönnum fyrir frábæra vinnu. Fyrir nefndinni lágu 4 þingskjöl.

#### **Þingskjal nr. 12**

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt, miklar umræður urðu um hana í nefndinni og mikill áhugi fyrir því að koma þessu í fast form.

Umræða: Enginn kvað sér hljóðs.

**Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal nr. 19**

Nefndin lagði fram breytingartillögu, þingskjal 19a, um að í stað þess að mótin “þyrftu að vera WR”, væri “æskilegt að þau væru WR” svo knapar geti fengið árangur sinn skráðan á WR listann.

Umræða: Orðið gefið laust um breytingartillöguna, enginn kvað sér hljóðs.

Umræða: Enginn kvað sér hljóðs.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 19a samþykkt samhljóða og tillaga nr. 19 með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal nr. 20**

Nefndin leggur til að tillagan verði felld þar sem verið er að setja Íslandsmótið á hærra stig.

Umræða: Orðið gefið laust um tillöguna, enginn kvað sér hljóðs.

**Afgreiðsla: Þingskjal 20 felld með öllum greiddum atkvæðum.**

### **Þingskjal nr. 21**

Nefndin leggur til að tillögunni verði vísað frá með vísan til þingskjals nr. 12.

Umræða: Enginn kvað sér hljóðs.

**Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 21 frá.**

### **Keppisnefnd**

Ágúst Hafsteinsson flytur skýrslu nefndarinnar í forföllum Snorra Ólafssonar, formanns.

### **Þingskjal nr. 2**

Nefndin leggur til að tillagan verði felld.

Umræður: Vorum að samþykkja að æskilegt sé að mótið sé WR mót.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 2 borið upp til atkvæða eins og það liggur fyrir. Þingskjal nr.2 felld.**

### **Þingskjal nr. 7**

Meirihluti nefndarinnar lagði til að tillagan yrði samþykkt, margir sátu þó hjá. Umræða: LÁH – tillagan var rædd mikið, er með breytingartillögu, þingskjal 7a sem tengist þessu: “Geri það að tillögu minni að þingskjali nr. 7 verði vísað til stjórnar LH sem skipi síðan millipinganefnd til að skoða málið betur. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, þar af einum úr stjórn og þar verði farið ítarlega yfir málið og skal nefndin gera grein fyrir störfum sínum eigi síðar en tveimur vikum fyrir formannafund LH 2017 og gera tillögu fyrir landsþing 2018. “

Orðið gefið laust um tilvísunartillöguna:

Sigurbjörn Bárðarson – fagnar tillögunni, þar sem illa hefur verið haldið utan um þetta. Þetta mun skapa betri vinnubrögð og betur haldið utan um eldri met. Fagnar þessu og styður þessa breytingartillögu stjórnar.

**Afgreiðsla: Tilvísunartillaga Lárusar um að vísa tillögu 7 til stjórnar, samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal nr. 9**

Nefndin leggur til breytingu á tillögunni, þingskjal nr. 9a, orðið gefið laust um breytingartillöguna og samþykkt samhljóða að taka hana fyrir.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 9a samþykkt og þingskjal nr.9 með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal nr. 10**

Keppnisnefnd leggur til minniháttar breytingu.

Umræða:

Oddrún Ýr Sigurðardóttir: Sammála með þessa daga, en orðið fjölmiðill á ekki við um heimasíður, heldur á við um blöð; dagblöð, sjónvarp, útvarp. Spurning hvort hægt sé að breyta orðalagi þarna.

Tillaga þingforseta um að breyta “Fjölmiðli” í “opinberum miðli” samþykkt samhljóða.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 10, samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.**

### **Þingskjal nr. 11**

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum í keppnisnefnd og leggur nefndin til að hún verði samþykkt.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 11 samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal nr. 13**

Nefndin leggur til að tillagan sé samþykkt.

Umræða:

**Sigurður Evarsson:** Miklar umræður í nefndinni, hvetur til samþykktar, en er með breytingu: hreina viðbót: við bætist C1 fet/brökk/tölt, vilji og fegurð í reið. Þetta opnar meiri möguleika, eykur þátttökuna.

**Andrea M. Þorvaldsdóttir:** Líkt og Siggí þá hvet ég til samþykktar tillögunni, fór að spá með landsmót hvort keppa eigi í þessari grein á landsmóti, sbr. lög LH um að keppa eigi á landsmóti í öllum flokkum gæðingakeppninnar?

**Ágúst Hafsteinsson:** Rétt ábending hjá Andreu um landsmótið, setur tillöguna svoltið í uppnám.

**Gretar D. Pálsson:** Þingforsetar leggja til að þessu þingskjali verði vísað aftur til nefndar til umfjöllunar og nefndin komi með ályktun í lok þessa dagskrárliðar.

**Samþykkt – framhald síðar**

### **Þingskjal nr. 31**

Skemmtileg umræða í nefndinni um þetta mál. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 31 samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal nr. 32**

Tillöguflytjendur hafa dregið tilöguna til baka.

### **Kaffihlé**

### **Þingskjal nr. 13 – framhald.**

Breytingartillaga lögð fram, Þingskjal nr. 13a.

## **Afgreiðsla: Þingskjal nr.13a samþykkt og þingskjal nr.13 með áorðnum breytingum samþykkt.**

### **Þingskjal nr. 23**

Tillagan var felld í keppnisnefnd og leggur nefndin til að tillagan sé felld.

Umræða:

**Erlendur Árnason:** Hvetur fólk til að skoða tillöguna mjög vel, eins og segir í greinargerðinni um að knapar og hross með svipaðan árangur innbyrðis óháð því hvort knapar hafi atvinnu af hestamennsku eða ekki. Öllum er frjálst að byrja í þeim flokki sem þeir kjósa, en þeir sem byrja í lægstu flokkum vinna sig upp í takt við árangur. Einkunnalágmörkin þurfa ekki að vera heilög.

**Sigurður Ævarsson:** Þarf að skoða vel, þetta er eitthvað sem þarf að gerast. Erum með gott kerfi í dag, setjum þetta í eitthvað vinnuferli. Þessi tillaga er góð, afturför í henni samt, þarf að vinna hana betur.

Tillagan borinn upp til atkvæða.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 23, felld með 51 atkvæði gegn 39.**

### **Þingskjal nr. 22**

Umræða:

**Sigurður Ævarsson:** Vekur athygli á því að við samþykktum regluna eins og hún er í dag á síðasta þingi, reglurnar eru frábærar, aldrei verið önnur eins gróska. Vildi helst koma með tillögu um að þetta verði óbreytt í 10 ár. Getum tekið skynsamlega ákvörðun núna, höfum þetta áfram óbreytt í 2 ár og sjáum hverju það skilar.

**Hrefna Hallgrímsdóttir:** Áttum langar og miklar umræður í nefndinni, þar voru t.d. færð rök með þessu, af hverju má keppa í meistaraflokki á einu móti en öðrum flokki á öðru móti? Rökleysa í reglunni/tillögunni

**Hulda Gústafsdóttir:** Miklar umræður, reglan hefur verið umdeild sl. 2 ár, ekki sammála Sigurði að þessi regla stýri aukinni grósku í meistaraflokki. Heyri á mínum kollegum að mikil óánægja er með þetta. Legg til að tillagan verði samþykkt og þessi regla tekin út aftur.

**Sigurður Ævars:** Hrefna, næ ekki rökum hjá henni, finnst ekkert að því að knapar keppi í 1. flokki á einu móti, gangi það ekki, fari þeir til baka og keppi í 2. flokki aftur. Ekki reglan ein og sér sem hefur gert mótahaldið blómlegt, en hefur hjálpað til við það.

**Sigurbjörn Bárðarson:** Var fylgjandi fyrir 2 árum að breyta þessu, ekki að þetta höfðaði til mín sem atvinnumanns. Erum að sporna við því að þeir sem eru styttra komnir - áhugamaður, hélt sig bara í sínum 2. flokk því hann hefur ekki áhuga á því að keppa við atvinnumenn í 1. flokk. Eigum að hafa dug í okkur að koma með betur þjálfaða hesta, taka okkur á, en ekki láta þetta bitna á grasrótinni og því að fá nýliðunina inn.

**Hrefna María – Fáki:** Alfarið á móti því sem Sigurður sagði. Þetta hefur virkað mjög hamlandi. Í keppendaumhverfinu á mótum ríkir gríðarleg óánægja með þetta síðan síðast. Ræddum grasrótina mikið í nefndinni og erum með tillögu um það hér síðar. Þessi tillaga hefur engin áhrif á það sem Diddi var að tala um. Legg til að við samþykkjum þetta.

Keppnisnefndin lagði til að þingskjalið verði samþykkt.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 22 felld með 64 gegn 56 atkvæðum.**

### **Þingskjal nr. 30**

Nefndin leggur til viðbætur í 3. flokk. Nefndin samþykkti þessa tillögu með yfirgnæfandi meirihluta, 18-1.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 30 samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.**

Ágúst þakkaði keppnisnefndarmönnum fyrir vel unnin störf.

### **Kynbótanefnd**

Kristinn Hugason, formaður kynbótanefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Í nefndinni störfuðu 9 fulltrúar úr 6 hestamannafélögum. Engin formleg tillaga lá fyrir nefndinni, en innan nefndarinnar varð þrýðileg umræða, sem er aðgengileg í skýrsluformi á vef LH.

### **Lárus Á. Hannesson formaður LH – 3 litlar orðsendingar:**

1 – væri gaman ef eitthvert félag myndi bjóða okkur heim og taka á móti landsþingi eftir 2 ár.

2 – fer að loka skráningarfresti í makaferðina kl. 13.00

3 – afar vont, það lágu fyrir skráningar á þingslitafagnað, búið að bóka það, en einhver afföll hafa orðið, hvetur þinggesti til að klára miðakaup.

### **Allsherjarnefnd**

Linda B. Gunnlaugsdóttir, formaður allsherjarnefndar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Það voru 29 fulltrúar í nefndinni, sem afgreiddu 11 tillögur. Skemmtileg nefnd og skemmtilegar umræður urðu í nefndinni.

### **Þingskjal nr. 1**

Töluverðar umræður í nefndinni, niðurstaðan varð að nefndin samþykkti að fella tillöguna, þar sem innan keppnisnefndar væri tillaga um að einn sé inná í einu.

Umræða var engin.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 1 fellt með meirihluta atkvæða.**

### **Þingskjal nr. 3**

Nefndin lagði fram breytingartillögu, þingskjal nr. 3a.

Umræða um breytingartillögu:

Lárus – legg til að við samþykkjum þessa breytingartillögu, fín málamiðlun og leysir stóran hluta af því sem stjórn hefur velt fyrir sér, þ.e. að fá meiri fasta í þetta.

Samþykkt að bera breytingartillögu upp til atkvæða.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr.3a samþykkt og þingskjal nr.3 með áorðnum breytingum samþykkt.**

### **Þingskjal nr. 6**

Nefndin samþykkti samhljóða þessa tillögu, leggur til að tillagan sé samþykkt.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 6 samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal nr. 15**

Nefndin lagði til breytingartillögu, þingskjal nr. 15a, um að í stað bæklinga verði útbúnað leiðbeiningar sem lögju á vef (í takt við pappírsléysi).

**Afgreiðsla: Þingskjal nr.15a samþykkt og þingskjal nr.15 með áorðnum breytingum samþykkt.**

**Þingskjal nr. 17**

Mikil umræða í nefndinni, kannski hamlandi fyrir minni félög, íþyngjandi ef aukinn kostnaður - nefndin lagði því til breytingartillögu, þingskjal nr. 17a, með breytingu á greinargerð.

Umræður: Voru engar.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 17a samþykkt með yfirgnæfandi fjölda atkvæða og þingskjal nr.17 með áorðnum breytingum samþykkt.**

**Þingskjal nr. 26**

Miklar umræður í nefndinni. Nefndin samþykkti samhljóða að vísa tillögunni frá enda kýs þingið stjórn sem hefur þetta verkefni að velja landsmótsstaði.

Umræður: Þingforseti greindi frá því að Grani, Funi og Þráinn draga tilbaka stuðning sinn við tillöguna.

**Afgreiðsla: Samþykkt að vísa þingskjali nr. 26 frá.**

**Þingskjal nr. 27**

Töluverð umræða um þetta. Það þykir auðvitað sjálfsagt að farið sé að lögum og reglum. Nefndin kom með frávísunartillögu sem var samþykkt í nefndinni með þorra greiddra atkvæða.

Umræða: Engin.

**Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða að vísa þingskjali nr. 27 frá.**

**Þingskjal nr. 28**

Tillagan felld innan nefndarinnar með meirihluta atkvæða.

Umræða: Engin.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 28 fellt með meirihluta atkvæða.**

**Þingskjal nr. 29**

Nefndin mjög sammála því að þörf sé á þessari eftirfylgni sem tillagan kveður á um og leggur því til að tillagan verði samþykkt.

Umræða: Engin.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 29 samþykkt samhljóða.**

**Þingskjal nr. 33**

Umræða innan nefndarinnar um að mannvirkjanefnd hefði unnið gögn í þessa átt fyrir nokkrum árum, lögð áhersla á að nota það sem til væri og byggja ofan á það.

Umræða: Engin.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 33 samþykkt samhljóða.**

**Þingskjal nr. 34**

Hefur verið dregið til baka af flutningsaðilum.

Formaður þakkaði nefndarmönnum fyrir gott starf.



## **Erlendur Árnason steig í pontu og flutti vísu:**

Kaffi og lummur  
og nunnur, Unnur  
“Gleðskapur, partý og nunnur  
er einhver fulltrúi þunnur?”

### **Fjárhagsnefnd**

Stefán Logi Haraldsson, formaður nefndarinnar gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Í Fjárhagsnefnd voru 13 þingfulltrúar sem sátu fund nefndarinnar, mikill og góður samhljómur innan nefndarinnar. Ein tillaga lá fyrir nefndinni, en nefndin afgreiddi nokkrar tillögur frá sér til viðbótar samkvæmt lögum og reglum er varða ársreikninga félagsins – tillögur 36, 37 og 38. Skýrsla fjárhagsnefndar liggur fyrir á vef LH.

### **Þingskjal nr. 25**

Nefndin leggur til við þingið að þessi tillaga verði felld. Í lögum og reglum LH í lið 1.5 um fjármál er kveðið á um árgjald og hefði því þurft lagabreytingu. Einfalda lausnin er að leggja til við þingið að tillagan verði felld.

Umræða: Engin.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 25 fellt.**

### **Þingskjal nr. 36 - Ársreikningar LH fyrir árin 2014 og 2015**

Fjárhagsnefnd fór yfir reikningana, nokkuð ítarlega, fór yfir athyglisverða liði og breytingar á milli ára og frá fyrri árum.

Fjárhagsnefnd leggur til að þingið samþykki ársreikningana.

Umræður: Engin.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 36, ársreikningar áráanna 2014 og 2015, samþykkt samhljóða.**

### **Þingskjal nr. 37 – Fjárhagsáætlun og áætlanagerð.**

Nefndin leggur til að árgjald fyrir hvern greiðandi félaga verði óbreytt kr. 1.500 fyrir árin 2017 og 2018.

Umræða: Engin.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 37 samþykkt.**

### **Þingskjal nr. 38 – fjárhagsáætlun, aukaskattur vegna HOI**

Nefndin leggur til að samþykktur verði aukaskattur á hvern greiðandi félagsmann, kr. 300, vegna markaðsátaksins Horses of Iceland.

Umræða:

Lárus – kom fram í skýrslu minni í gær að við erum í þessu samstarfi um þetta markaðsverkefni, kom fram á formannafundi að þátttakan væri hugsuð þannig að félagsgjald yrði tímabundið hækkað vegna verkefnisins. LH setur 4mkr á ári næstu 3 árin í verkefnið og á móti hverjum 300kr kemur sama framlag frá ríki, samtals um 50mkr á ári.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 38 samþykkt með yfirgnæfandi fjölda atkvæða.**

### **Þingskjal nr. 39**

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2017 og 2018 með áorðnum breytingum.

Umræða: Engin.

**Afgreiðsla: Þingskjal nr. 39, fjárhagsáætlun fyrir árin 2017 og 2018, samþykkt samhljóða.**

Stefán Logi, formaður þakkaði nefndinni fyrir vel unnin störf.

Varaþingforseti þakkaði nefndum fyrir vel unnin störf.

Lög með áorðnum breytingum borin upp til samþykktar.

**Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða og taka þau gildi í þinglok.**

Varaþingforseti tók til máls og lýsti ánægju sinni með skipulag þingsins, starfsfólk sem vinnur kraftaverk, allt efni komið á vef fyrir miðnætti í gær, allar skýrslur nefnda, sem gerir starf þingforseta mjög auðvelt, afhenti að lokum þingforseta þingið aftur.

Þingforseti tók undir orð varaþingforseta og hversu vel þingið hefur gengið fram til þessa. Varaþingforseti fékk gott klapp fyrir skelegga stjórnun á þingfundi.

Margeir Þorgeirsson formaður kynnir frambjóðendum og opnar fyrir kynningar frá þeim sem eru í framboði.

Formaður: Lárus Ástmar Hannesson

Aðalstjórn (í stafrófsröð):

**Andrea Þorvaldsdóttir – Létti**

Rétt skriðin yfir fertugt, feimin og hlédræg kona úr Eyjafirðinum, búin að sitja í stjórn LH í sex ár. Stoltur Funafélagi, minna stoltur Léttisfélagi í dag. Langar að gefa áframhaldandi kost á mér til setu í stjórn LH. Vil með stolti fá að starfa áfram, þó að ýmislegt sé að gerast í firðinum fagra, þá er það ekki það sem ég stend fyrir og styð ekki allt sem stjórn Léttis er að gera. Stjórn tók ákvörðun um næstu þrjú landsmót og ég stend á bak við hana, þó ég hafi ekki stutt hana.

**Eggert Hjartansson – Sörla**

Hef starfað í Sörla í nokkur ár, hef reynslu í félagsmálum í hestamenskunni, bæði í gegnum Sörla og aðra staði. Kominn yfir miðjan aldur, hef starfað í slökkviliði höfuðborgarsvæðis í tæp 35 ár, hef áhuga á öryggismálum hestamanna og því tengdu. Mitt annað landsþing, þetta virðist fara friðsamlega fram núna, ennþá. Vonast til að ég geti orðið að liði í hestaheiminum og geti lagt eitthvað af mörkum í stjórn LH, vona að mínir starfskraftar verði þegnir og ég verði hér áfram á næsta ári.

**Eyþór Gíslason – Glað**

Búinn að starfa í félagsmálum lengi, búinn að sitja í stjórn LH sl. tvö ár, mjög skemmtileg vinna, þess vegna býð ég mig áfram til starfa fyrir ykkur í stjórn LH. Hef komið mikið að starfi í kringum landsmót, auk ýmissa annarra verka. Bið ykkur um að styðja mig til að starfa áfram fyrir ykkur.

### **Haukur Baldvinsson - Sleipni**

Búinn að starfa í 2 ár í LH. Hef starfað samhliða í landsliðsnefnd, búinn að vera gefandi og skemmtilegur tími, hef áhuga á að starfa áfram og bið um ykkar stuðning.

### **Helga B. Helgadóttir - Fáki**

Stoltur Fáksfélagi. Hef mikla reynslu af félagsmálum, hef verið í æskulýðsnefnd LH í 10 ár, æskulýðsnefnd FEIF í 8 ár, ásamt öðrum nefndum. Búin að sitja í varastjórn LH sl. tvö tímabil og óska eftir stuðningi til að fara upp í aðalstjórn. Mín aðalmál eru æskulýðsmálin, óska eftir ykkar stuðningi inn í aðalstjórn.

### **Ingimar Ingimarsson - Skagfirðingi**

Sveitastrákur sem aldurinn hefur færst yfir eins og gerist, heillaðist af hestum og ánetjaðist eins og kannski flestir hér inni. Rifjaði upp í gær þegar við komum í Stykkishólm að það eru 35 ár síðan ég sat hér mitt fyrsta landsþing 1981 og einhverjum árum seinna var ég að kenna hér á reiðnámskeiði fyrir ca. 30 árum, þá var núverandi formaður á reiðnámskeiði, ég held að þetta séu mín tvö skipti sem ég hef komið í Hólminn. Hef helgað líf mitt hestum, hestamennsku og félagsmálum í gegnum tíðina. Hef m.a. áður setið í stjórn LH en man ekki hvenær það var, hef líka verið í stjórn hrossaræktenda, og þvælst í félagsmálum í gegnum tíðina. Á fjórðungsmóti 1979, var ég gjaldkeri mótsins en jafnframt keppandi, veit ekki hvort menn myndu leika þann leik í dag. Er tilbúinn til að leggja þessum félagsskap mitt lið, tel mig hafa drjúga reynslu. Er ekki æsingamaður, vil frekar lenda málum rólega. Vonast til að þið metið það sem hér hefur komið fram.

### **Jóna Dís Bragadóttir - Herði**

Hef setið í stjórn LH sl. tvö ár, mjög ánægjulegur tími en jafnframt erfiður. Tókum við á erfiðum tímum, en held okkur hafi tekist að landa þessu þökkalega. Býð mig fram þar sem ég held að næstu tvö ár verði spennandi og hægt að einbeita sér að einhverju öðru en landsmótsmálum, horfa björt fram á veginn og einbeita okkur að nýliðun. Þurfum að fara að framkvæma meira en að skrifa um að auka nýliðun. Það er gaman að framkvæma og hefur verið gaman að vinna með þessari stjórn og ég horfi björt fram á veginn. Bjó í Hólminum fyrir 30 árum og var held ég á þessu námskeiði hjá Ingimar. Hef komið víða við í þessari hestamennsku. Fjölskyldan mín hefur verið dugleg að sækja hestamannamót. Bið ykkur um stuðning og vil endilega starfa fyrir ykkur.

### **Magnús Benediktsson - Spretti**

Skíthræddur við svona púlt, hef þetta stutt og bið um ykkar stuðning

### **Ólafur Þórisson - Geysi**

Búinn að vera gjaldkeri LH í tvö ár, hefur gengið frábærlega, hefur verið gefandi og skemmtilegt starf. Hefði viljað að LH tengist betur og meira félögunum í landinu. Æskulýðsmál, þar þurfum við að slá í og eins nýliðun. Menntamálum þarf að koma á kjöl, svo við séum sammála um hvaða menntun gildir. Óska eftir stuðningi ykkar til áframhaldandi setu í stjórninni.

### **Stefán Ármannsson - Dreyra**

Vil leggja áherslu á æskulýðsnefnd æskulýðsmál og nýliðun.

Matarhlé kl. 12:18 til 13:10

## **Þingfundur, framhald**

### **Worldfengur – kynning á myndböndum**

Formaður LH tók til máls og fór yfir aðdraganda innsetningar myndbanda í Worldfeng í takt við tækniþróun nútímans. Stefna var tekin um að auka enn frekar við samstarfið við Worldfenginn og gera þann grunn betri en hann er nú þegar. Um 20 þúsund manns eru með áskrift að Worldfeng. Formaður sér fyrir sér að í framtíðinni komi jafnvel þarna inn efni af heimsleikum og jafnvel eldra efni. Verkefnið hefur verið í þróun og það er von að hestamenn taki vel á móti þessu, tali máli þess og kaupi þessa þjónustu sem kostar kr. 4.900 á ári. LH gerði samning við Bændasamtökin um að koma að verkefninu með varðveislu efnis, koma því á form og fá gegn því 25% af innkomu en LM fær 75%. Eftir því sem fleiri kaupa þjónustuna þeim mun meiri fjármunum skilar það til LM.

Formaður fór yfir ferlið í Worldfeng og sýndi hvernig hægt er að nýta sér aðgang að efni sem þar er að finna.

#### **Umræður:**

**Hrefna** - Fyrirspurn um aðrar fjármögnunarleiðir að Worldfeng, t.d. fyrir fólk erlendis. Líka um myndböndin, hvort hægt sé að hafa þau meira opin svo hægt sé að deila þeim á samfélagsmiðlum.

**Formaður:** Sagði að auðvitað yrði vel tekið á móti því ef hægt væri að finna aðrar fjármögnunarleiðir.

Varðandi myndböndin, þá hefur verið umræða um það að eigendur geti keypt myndböndin af sínum hesti/hestum, og þá deilt því eins og þeir vilja. Kostar mikið að vinna þetta, setja þetta inn, halda utan um þetta.

**Birkir:** Vil vita hvort gæti verið tekjulind fyrir félögin sem tækju að sér að selja aðgang og fá prósentu fyrir sinn snúð og rest fari til LM.

**Formaður:** Alveg vert að skoða það, þar sem fólk er með aðgang í gegnum sitt félag í Worldfeng að þetta tikki áfram á hverju ári.

Formaður hvatti að lokum þinggesti til að nýta sér þennan möguleika að aðgengi að myndböndum, og gerast áskrifendur að verkefninu.

### **Horses of Iceland – kynning á markaðsverkefni, Íslandsstofa**

Jelena Ohm, sem stýrir markaðsverkefninu Horses of Iceland, kynnti verkefnið og kynnti helstu áherslur.

Meginmarkmiðið er að auka gjaldeyrstekjur af íslenska hestinum, því við erum að setja íslenska hestinn í þannig sviðsljós úti í heimi.

45 samstarfsaðilar sem koma að verkefninu. Veturinn fór vel af stað, fóru víða um landið til að kynna verkefnið maður á mann, þannig að til er fólk sem þekkir verkefnið vel og getur borið út boðskapinn. Staðan í dag, 45 aðilar: Íslandsstofa, sem er vettvangur á milli atvinnulífs og ríkis, eru að segja sögur, í útflutningsgreinum, ferðamennsku osfrv., margir misstórir aðilar úr ýmsum greinum.

Haldinn verður samstarfsaðilafundur í haust þar sem málin verða rædd og línur lagðar.

Fá krónu á móti krónu frá ríki og því mikilvægt að fá inn fjármagn frá LH.

Markaðsaðgerðir 2016 – sjá skyggnusýningu. Viljum byrja með fókus á Þýskaland og Svíþjóð, þar sem markaðurinn er stærstur nú þegar. Ferðamenn á Íslandi – vilja komast í snertingu við þá strax í Leifsstöð, vekja athygli á íslenska hestinum, myndbönd í flugvélar og auglýsa í flugblöðum.

Áætlun fyrir 2016 hefur miðað vel, og mörgu komið í verk. Hafa verið að taka upp fullt af efni í sumar sem auðvelt er að dreifa á samfélagsmiðlum, um það sem er að gerast og segja okkar sögur. Vilja leggja áherslu á samfélagsmiðla, því samfélagsmiðlar í dag eru mikilvægur vettvangur til að gera íslenska hestinn sýnilegan og býður upp á marga möguleika.

Benti á vef: [horsesoficeland.is](http://horsesoficeland.is) – kynningarvefur fyrir íslenska hestinn, ekki fræðivefur, heldur kynnir íslenska hestinn eins og við viljum að hann sé kynntur. Þessi vefur á að koma upp sem fyrsta gátt þegar fólk leitar að íslenska hestinum á netinu. Live Feed frá Instagram er á vefnum. Samfélagsmiðlaárangur eins og hann stendur í dag. Eru núna með 8.687 manns sem fylgja verkefninu á Samfélagsmiðlum. Verkefnið/efnið er að ná mikilli dreifingu á samfélagsmiðlum og mikilli áframvirkni, þ.e. mun fleiri sjá efni frá þeim heldur en fylgjendur.

Fylgjendur eftir löndum; flestir í Þýskalandi, Íslandi og svo Svíþjóð.

Hestadagar – Dagur íslenska hestsins og skróðreið haldinn í maí sl. Efni var dreift um miðborginna, fólki boðið að koma að klappa og heilsa upp á hesta og knapa.

Dagur íslenska hestsins, 1. maí 2016 – keyrt á heimsvísu, nýttu sér að þetta var opnunardagur á samfélagsmiðlum, #horsesoficeland – 1. maí 2017 verður aftur haldinn dagur íslenska hestsins; markmið að njóta íslenska hestsins, kynna hann fyrir þeim sem ekki þekkja hann, vera með opið hús, og vera með viðburði.

Landsmót 2016 – voru á landsmótinu, unnu á Hestatorgi, vörumerki íslenska hestsins er “Horses of Iceland”, lögð var áhersla á að nota eitt vörumerki, standa saman. Voru í gömlu reiðhöllinni, streymi af mótinu, kaffihúsastemningu, EM o.fl., gekk vel og markmið að halda þessu áfram.

Laufskálarétt – 2 blaðakonur frá Þýskalandi (stórir miðlar), að taka myndir, ferðast með hópnum. Heimsóttu samstarfsaðila, Akureyri, Skjaldarvík, Hof, Sögusetur íslenska hestsins, tóku upp myndefni í Laufskálarétt sem verður áfram unnið með og kynnt.

Farið í: Leifsstöð, flugblöð, skjáir, örsögur í myndböndum, Hero myndband, almennur bæklingur, könnun hjá FEIF félögum og fyrir túrista.

Lýsti að endingu ánægju sinni með að LH hafi tekið þessari áskorun um þátttöku í þessu verkefni.

### **Umræður/fyrirspurnir:**

**Hrefna:** Leggurðu áherslu á að það sé íslensk fæddur hestur, eða íslenskur hestur yfirhöfuð (sama hvar fæddur).

**Jelena:** Horses of Iceland, tengist upprunanum, Íslandi – náttúran, hvernig landið mótar hestinn. Passa samt að þetta er alþjóðlegt verkefni og því viljum við hafa erlenda aðila með í samstarfinu og stækka hópinn sem vill nota íslenska hestinn.

### **Nýr Sportfengur – kynning á nýju mótakerfi**

Þórður Ingólfsson, formaður tölvunefndar LH.

Fór yfir fróðleiksmola nýrrar útgáfu, ræddi aðgangsstýringar að kerfinu (persónulegur dómaraaðgangur).

Helstu ástæður til breytinga:

Kappi forritaður í gömlu forritunarmáli sem erfitt er að halda við og erfitt að laga hann. Nauðsynlegt líka að hætta þessum gagnaflutningi á milli kerfa, nauðsynlegt að dómarrar geti skráð einkunnir sínar beint og þá er skráning orðin rauntímaskráning.

Gott við nýju útgáfunna:

Miðlæg rauntímaskráning, breytingar og viðbætur auðveldari, nýtum okkur nútímataækni. Kappi gerður fyrir daga 3G, 4G og WiFi. Hægt að nota síma eða spjaldtölvu, ath. þó að Nokia 5110 virkar ekki ☺

Þórður fór lauslega yfir nýtt viðmót og kynnti. Allur Sportfengur er forritaður upp á nýtt, það var ekki hjá því komist.

**Umræður/fyrirspurnir:**

**XX:** Varðandi birtingu niðurstaðna, verður það lagað?

**Þórður:** Verður valmynd þar sem þú getur valið hvað þú vilt sjá af niðurstöðum - aðaleinkunn, hvern dómara, hverja gangtegund, og alveg niður úr, það verður allt í boði. Líka aðgengilegt fyrir appið - það mun sækja upplýsingarnar beint, jafnóðum og þær verða til.

**XX:** Er komin prufuútgáfa á netið sem áhugasamir geta prufað?

**Þórður:** Kemur væntanlega í loftið á næstu vikum.

## **Landsmót 2016**

Lárus Ástmar, formaður LH fór yfir Landsmótið á Hólum 2016.

Stundum talað um erfiða fæðingu, spennandi ferill að fara í gegnum, skemmtilegur.

Vil nefna tvo þætti varðandi landsmótin almennt:

1 – erum í samstarfi við tilvonandi mótshaldara og alþjóðlegu hestasamtökin um að færa landsmótin aftur um eina viku, bæði vegna veðurs og vegna annars mótahalds.

2 – breytt á næstu landsmótum er rekstrarformið, tókum ákvörðun og skrifuðum undir við Fák að Fákur tekur mótið gegn ákveðnum skilyrðum og greiðir fyrir. Félögin eigi þá auðveldara með að kalla til sín fólk og standa saman að því að gera gott mót.

Samstarfið fyrir norðan var mjög ánægjulegt, framkvæmdastjórinn mikill fagmaður og lét vaða í öll verk, hestamenn og sveitastjórnarmenn í Skagafirði sömuleiðis.

Í umfjöllun um mótið, þá sáum við það bæði innanlands og erlendis að umfjöllun var mjög jákvæð og andinn á mótinu var eitthvað sem fór fram úr mínum björtustu vonum.

Munum alltaf fá flotta hesta og flotta knapa en það er okkar að kveikja gleðina. Stórar ákvarðanir sem voru teknar í aðdraganda mótsins voru að mínu mati réttar, þ.e. að stytta mótið, enda á laugardegi, tókst vel og létti líka á umferðinni heim og gæti því verið framtíð í þessu skipulagi, ásamt því sem sunnudagurinn var líka skemmtilegur – mjög markaðsvænt það verkefni að halda áfram að þróa þennan sunnudag og þjónusta ekki síst erlendu gestina vel.

Uppbyggingin á Hólum mun nýtast vel í framtíðinni, skólinn okkar allra er þarna, höfum gælt við það að taka saman þá knapa sem hafa skarað framúr í sínum greinum, hversu margir hafa gengið í skóla á Hólum. Þetta erum við, skólinn okkar, eigum að standa saman um að efla hann og stækka.

Annað sem ber að nefna hér og mér fannst persónulega gríðarlega skemmtilegt verkefni var að tengja saman nokkra öfluga og áhugasama aðila og byggja dómhús

og gefa skólanum. Þáttur Límtré/Vírnets ómetanlegur, auk framlags frá öðrum sem komu að verkefninu og gáfu þessi verðmæti. Ómetanlegt að vita af svona bakhjörllum á bak við greinina.

Rekstur mótsins var mest á áætlun, þ.e. að safna auglýsingum og styrkjum, hefðum viljað fá svona 500 mótsgesti í viðbót, kepptum við veðrið og fótboltann. LM stendur núna í 4mkr í mínus, þar af 2,5 milljónir í löggæslukostnað, sem er ekki sanngjarnt. Svo kostaði appið um 2mkr, og ef hægt er að nýta hluta af því og nota með Sportfeng, þá er hægt að taka inn tekjur af því líka.

Miðað við þá samninga þá er ábyrgð LH á niðurstöðunni eins og hún stendur í dag um 2mkr.

Annað sem á eftir að koma í ljós, er að þessi viðburður var rannsakaður meira en hefur verið gert áður, í tengslum við ferðamáladeild Hólaskóla. Það mun nýtast okkur og þau mót sem við munum heimsækja á næstu árum. Við eigum að hjálpast að, hvar sem mótið er, til að gera þetta að skemmtilegum viðburði.

Hvað varðar kynbótahlutann, breytt fyrirkomulag í aðdraganda þess hvernig valið er inn á mótið, held að það hafi verið til góða og hjálpað til við að setja upp dagskrá og tekist í flestum tilfellum vel.

Tengsl og þjónusta við þá knapa sem koma með flestu hestana, viljum þjónusta það vel og held að knapar hafi verið ánægðir með hvernig til tókst.

#### **Umræður/fyrirspurnir:**

**Skapti** – langar fyrir hönd Skagfirðinga og hestamannafélagsins Skagfirðings, að þakka fyrir þetta skemmtilega mót, þ.m.t. LH, sveitarfélaginu, hestamönnum, knöpum, hesteigendum og ekki síst öllum gestunum sem mættu á mótið.

**Sveinbjörn** – væri gaman að vita fjölda borgandi gesta á mótinu.

**Formaður** – 6.500 manns borguðu sig inn á mótið.

#### **Íslandsmótin 2017 og 2018**

Borist hefur umsókn frá hestamannafélaginu Skagfirðingi um að halda Íslandsmót yngri flokka að Hólum sumarið 2017.

**Umsóknin borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða.**

Borist hafa 2 umsóknir um Íslandsmót 2018:

Sprettur – sækir um eldri & yngri flokka (bæði mótin saman)

Sleipnir – sækir um yngri flokka

Magnús Ólafsson, formaður Sleipnis greindi frá því að hjá Sleipni hafi rætt málin og að þau dragi sína umsókn til baka.

**Umsókn Sprettis um eldri & yngri flokka (bæði mótin saman) borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.**

#### **Kosningar**

Valdimar Þingforseti tók til máls og hugðist gefa formanni kjörnefndar orðið, gaf fyrst Ólafi Þórisssyni, frá Geysi orðið til að koma á framfæri eftirfarandi umsókn:

**Stjórn Geysis hefur ákveðið að sækja um Íslandsmótið 2017 fyrir fullorðna.**

**Samþykkt samhljóða.**

Þá var Margeiri formanni kjörnefndar gefið orðið.

**a) Formaður**

Eitt framboð hefur borist til formanns, Lárus Ástmar Hannesson gefur kost á sér til áframhaldandi setu. Formaður sjálfkjörinn, staðfest með lófataki.

**b) 6 meðstjórnendur**

Tíu framboð hafa borist, kjörseðlum dreift og fundarmenn beðnir um að setja x við sex nöfn.

Í framboði eru: Andrea Þorvaldsdóttir, Létti, Eggert Hjartarson, Sörla, Eyþór Gíslason, Glað, Haukur Baldvinsson, Sleipni, Helga B. Helgadóttir, Fáki, Ingimar Ingimarsson, Skagfirðingi, Jóna Dís Bragadóttir, Herði Magnús Benediktsson, Spretti, Ólafur Þórisson, Geysi, Stefán Ármannsson, Dreyra.

Margeir gerði grein fyrir niðurstöðum: 144 seðlar, enginn ógildur:  
Atkvæði féllu þannig:

142 Jóna Dís Bragadóttir, Herði  
128 Andrea Þorvaldsdóttir, Létti  
118 Helga B. Helgadóttir, Fáki  
110 Ólafur Þórisson, Geysi  
104 Haukur Baldvinsson, Sleipni  
96 Eyþór Gíslason, Glað  
58 Ingimar Ingimarsson, Skagfirðingi  
57 Magnús Benediktsson, Spretti  
45 Stefán Ármannsson, Dreyra  
6 Eggert Hjartarson, Sörla

**Kosning staðfest með lófataki.**

**Réttkjörin í aðalstjórn eru þau Jóna Dís, Andrea, Helga, Ólafur, Haukur og Eyþór.**

**c) 5 varastjórnarmenn**

Í varastjórn eru 3-4 sem gefa kost á sér áfram, 2 eiga eftir að kynna sig; Rúnar Bragason og Sóley Margeirsdóttir.

Rúnar Bragason, Fáki - búinn að vera í varastjórn í 2 ár og langar að vera áfram.

Sóley Margeirsdóttir, Mána – grunnskólakennari og með mikinn áhuga á æskulýðsmálum, líka mikil keppnismanneskja, hefur mikinn áhuga á að komast inn í varastjórn.

Þeir sem gefa kost á sér í varastjórn eru eftirfarandi:

Petra Kristín Kristinsdóttir, Sindra  
S. Rúnar Bragason, Fáki  
Sóley Margeirsdóttir, Mána  
Magnús Benediktsson, Spretti  
Eggert Hjartarson, Sörla  
Ingimar Ingimarsson, Skagfirðingi  
Stefán Ármannsson, Dreyra



Margeir gerði grein fyrir niðurstöðum: 137 seðlar, enginn ógildur.  
Atkvæði féllu þannig:

133 Sóley Margeirsdóttir, Mána  
121. S. Rúnar Bragason, Fáki  
113 Magnús Benediktsson, Spretti  
97 Stefán Ármannsson, Dreyra  
91 Ingimar Ingimarsson, Skagfirðingi  
69 Eggert Hjartarson, Sörla  
61 Petra K. Kristinsdóttir, Sindra

**Réttkjörin í varastjórn eru því: Sóley, Rúnar, Magnús, Stefán og Ingimar. Staðfest með lófataki.**

**d) 2 skoðunarmenn reikninga, kosning til tveggja ára.**

Í framboði eru Haraldur Guðfinnsson, Spretti og Sigurður Guðmundsson, Herði, til vara: Sigurður Ragnarsson, Faxe, skoðast sjálfkjörnir.

**e) fulltrúar á ÍSÍ þing**

Kjori fulltrúa á ÍSÍ þing er vísað til stjórnar LH.

Valdimar þakkaði að lokum gott og starfssamt þing.

**Önnur mál – tekin fyrir á meðan talning fór fram um 6 meðstjórnendur**

**Halldór H. Halldórsson** - Þótti bratt í farið með ferða- og umhverfisnefnd í upphafi þingfundar í morgun og fékk ekki tækifæri til að þakka mínum nefndarmönnum samstarfið, þakka hér með þeim sem störfuðu með mér í nefndinni. Að auki fannst mér ég ekki fá sama tækifæri og aðrir nefndarformenn til að fylgja málum minnar nefndar úr hlaði.

Er annars með fyrirspurn til stjórnar LH – varðandi afgreiðslu þingskjala frá þinginu sem haldið var á Selfossi 2014, þingskjöl nr. 46 – Hestamannafélagið Sprettur sem flutti þá tillögu, varðandi framlög til reiðvega. (las greinargerð) varðandi reiðvegaframlög frá 2010 til 2016 eingöngu 60mkr á ári – hvetur stjórn LH til að vinda sér í þetta mál strax!

Varaþingforseti, Gretar D. Pálsson, tók til máls og bað Halldór að afsaka bratta byrjun á þingfundi og bað Halldór innilegrar afsökunar ef hann hafi upplifað vanvirðu í upphafi þingfundar, það hafi ekki verið meiningin.

**Formaður** – svarar varðandi reiðvegafé: alveg rétt hjá honum Halldóri, þakkar Halldóri elju og dugnað í þessum málaflokki. Þetta er mál sem þarf að fara í, verðum að fá ríkisvaldið til að skilja hversu miklu við erum að skila. Allt of mörg hestatengd fyrirtæki sem eru utan samtaka, þurfum að ná þessum aðilum með okkur og koma fram sem einn öflugur þrýstihópur og ná fram úrbótum. Það er markmiðið.

**Jóhann G. Jóhannesson** - hugsa fyrir næsta þing, alltaf verið að spá í nýliðun í hestamennsku. Hefur alltaf dreymt um að hestamennskan komist inn í

grunnskólann, held að það myndi styðja við nýliðun. Held við eigum að vinna að því fyrir næsta þing að vinna að því að koma þessu í farveg.

**Linda B. Gunnlaugsdóttir** - það var samþykkt tillaga 2014 um akkúrat þetta að fara í samstarf með grunnskólanum og vinna að nýliðun, þannig að það þarf að vinna þetta áfram.

Ekki fleiri kváðu sér hljóðs undir liðnum önnur mál.

Gert þinghlé fram að niðurstöðum kosninga.

### **Þingslit**

**Lárus Ástmar Hannesson, formaður** – þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum setu sl. tvö ár, þeim Rúnari í Hrímní, Stellu í Spretti, Hrönn úr Mosó og Petru úr Sindra. Vil líka þakka kærlega öllum sem hafa komið að þessu þingi. Vonaðist eftir að það yrði árangurrikt og myndi skila okkur fram í framtíðina. Þakka góðum þingforsetum fyrir þeirra störf, þakka þingriturum jafnframt fyrir þeirra störf. Þakka starfsmönnum þingsins, þeim Þórdísi og Hildu, nefndarformönnum, nefndarmönnum og öðrum, fyrir gott starf.

Ég þakka traustið og mun leggja mig fram um gott samstarf næstu árin.

Kæru félagar fjörið er í kvöld, árangurinn er búinn að vera góður sl. tvo daga, ég þakka góða komu í Stykkishólm, eigið góða heimferð.

Segi 60. landsþingi LH, slitið.

Takk fyrir.

## VIÐAUKAR

### Viðauki 1

#### Þingfulltrúar 60.landsþings LH

Félag	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi	
Adam	Óðinn Elísson	Hugrún Þorgeirsdóttir	Svanborg Magnúsdóttir
Blær			
Brimfaxi	Hilmar K. Larsen	Jónína B. Ívarsdóttir	
Brimfaxi	Guðbjörg Pétursdóttir		
Dreyri	Stefán G. Ármannsson	Sigurður Ólafsson	
Dreyri	Hrafn Einarsson		
Dreyri	Ása Hólmarsdóttir		
Dreyri	Fjóla Lind Guðnadóttir		
Faxi	Kolbeinn Magnússon	Lára Kristín Gísladóttir	
Faxi	Haukur Bjarnason	Gíslína Jensdóttir	
Faxi	Heiða Dís Fjelsteð	Jón Eyjólfsson	
Faxi	Íris Ármannsdóttir		
Fákur	Hjörtur Bergstað	Ragnar Hinriksson	
Fákur	Jón Finnur Hansson	Svafar Magnússon	
Fákur	Hrefna María Ómarsdóttir	Berglind Ragnarsdóttir	
Fákur	Þorvarður Helgason	Ásbjörn Arnarsson	
Fákur	Heiðrún Sigurðardóttir	Ásta Björnsdóttir	
Fákur	Marianna Gunnarsdóttir	Sigurður Vignir Matthíasson	
Fákur	Sigurbjörn Bárðarson	Þorgrímur Hallgrímsson	
Fákur	Hrefna Karlsdóttir	Sóley Halla Möller	
Fákur	Garðar Sigursteinsson		
Fákur	Helga Björg Helgadóttir		
Fákur	Leifur Einar Arason		
Fákur	Edda Rún Ragnarsdóttir		
Fákur	Helga Claessen		
Fákur	Elsa Blöndal Sigfúsdóttir		
Fákur	Rúnar Bragason		
Fákur	Guðrún Oddsdóttir		
Fákur	Gyða Jónsdóttir		
Fákur	Hrefna Hallgrímsdóttir		
Fákur	Hulda Gústafsdóttir		
Feykir			
Freyfaxi	Guðrún Agnarsdóttir	Þóra Sólveig Jónsdóttir	<b>Freyfaxi kemur ekki</b>
Freyfaxi	Bjarki Þorv. Sigurbjartsson	Bergur Hallgrímsson	

Freyfaxi	Nikólína Ósk Rúnarsdóttir		
Funi	Steingrímur Magnússon	Stefán Birgir Stefánsson	
Funi	Valur Ásmundsson		
Funi	Elín M. Stefánsdóttir		
Geisli			
Geysir	Ólafur Þórisson	Sigurður Sigurðarson	
Geysir	Davíð Jónsson	Mariolijn Tiepen	
Geysir	Jón Sveinsson	Sarah M. Nielsen	
Geysir	Alexandra Rut Oddsdóttir	Guðmundur Björgvinsson	
Geysir	Sigríður Th. Kristinsdóttir		
Geysir	Jóhann G. Jóhannesson		
Geysir	Vignir Siggeirsson		
Geysir	Kristinn Guðnason		
Geysir	Erlendur Árnason		
Glaður	Þórður Ingólfsson	Svanhvít Gísladóttir	
Glaður	Svala Svavarsdóttir		
Glaður	Heiðrún Sandra Grettisdóttir		
Glófaxi			
Glæsir			
Gnýfari	Þorvaldur Hreinsson		
Goði			
Grani	Svanhildur Jónsdóttir		
Grani	Lilja Hrund Harðardóttir		
Háfeti	Sjöfn Sæmundsdóttir	Stefán Jónsson	Hrefna Rún Óðinsdóttir
Háfeti	Rakel Róbertsdóttir	Arnar Jónsson	
Hending			
Hornfirðingur	Pálmi Guðmundsson	Lena Hrönn Marteinsdóttir	
Hornfirðingur	Bryndís Hólmarsdóttir	Gunnar Bragi Þorsteinsson	
Hornfirðingur	Gunnar Ásgeirsson		
Hringur	Lilja Björk Reynisdóttir	Friðrik Þórarinsson	
Hringur	Þorsteinn Hólm Stefánsson	Kristinn Ingi Valsson	
Hörður	Vilhjálmur Þorgrímsson	Guðný Ívarsdóttir	
Hörður	Oddrún Ýr Sigurðardóttir	Þóra Bjarnadóttir	
Hörður	Ólöf Guðmundsdóttir	Hjördís Reykdal	
Hörður	Alexander Hrafnkelsson		
Hörður	Sæmundur Eiríksson		
Hörður	Þórir Örn Grétarsson		
Hörður	Bryndís Ásmundsdóttir		
Hörður	Rúnar Þór Guðbrandsson		
Hörður	Ólafur Haraldsson		
Hörður	Sigurður Guðmundsson		
Hörður	Karin Mattsson		

Kinnskær			
Kópur	Kristín Ásgeirsdóttir		
Kópur	Gunnar Pétur Sigmarsson		
Léttir	Andrea Þorvaldsdóttir	Hreinn Haukur Pálsson	
Léttir	Erla Guðmundsdóttir	Jón Ólafur Sigfússon	
Léttir	Vignir Ingbórsson	Hjördís Bessadóttir	
Léttir	Camilla Hoj		
Léttir	Hólmgæir Valdemarsson		
Léttir	Guðjón R. Guðjónsson		
Léttir	Magnús Rúnar Árnason		
Ljúfur	Guðmundur Hafþ. Þorvaldsson		
Ljúfur	Helga Margrét Gígja		
Logi	Freydís Örlygsdóttir		
Logi	Sólon Morthens		
Logi	Líney Kristinsdóttir		
Máni	Snorri Ólason	Margeir Þorgeirsson	
Máni	Sóley Margeirsdóttir	Hrönn Ásmundsdóttir	
Máni	Þóra Brynjarsdóttir		
Máni	Gunnar Eyjólfsson		
Máni	Haraldur Arnbjörnsson		
Neisti	Hjörtur K. Einarsson	Magnús Ólafsson	
Neisti	Hörður Ríkhartsson	Valur Valsson	
Neisti	Selma Svavarsdóttir		
Sindri	Hjördís Rut Jónsdóttir	Ingi Már Björnsson	
Sindri	Vilborg Smáradóttir	Sólveig Eyvindsdóttir	
Skagfirðingur	Skapti Steinbjörnsson		
Skagfirðingur	Elvar Einarsson		
Skagfirðingur	Pétur Örn Sveinsson		
Skagfirðingur	Helga Rósa Pálsdóttir		
Skagfirðingur	Guðmundur Þór Elíasson		
Skagfirðingur	Heiðrún Eymundsdóttir		
Skagfirðingur	Ingimar Ingimarsson		
Skagfirðingur	Magnús Andrésen		
Skagfirðingur	Símon Gestsson		
Skuggi	Stefán Logi Haraldsson	Sigríður Jóna Sigurðardóttir	
Skuggi	Reynir Magnússon	Ámundi Sigurðsson	
Skuggi	Kristján P. Gíslason		
Skuggi	Svanhildur Björk Svansdóttir		
Sleipnir	Magnús Ólason	Snorri Sigurðsson	
Sleipnir	Oddur Hafsteinsson	Karl Áki Sigurðsson	
Sleipnir	Fjóla S. Kristinsdóttir	Steindór Guðmundsson	
Sleipnir	Ragnhildur Loftsdóttir		

Sleipnir	Sigríður Pjetursdóttir		
Sleipnir	Einar Hermundsson		
Sleipnir	Haukur Baldvinsson		
Sleipnir	Ágúst Hafsteinsson		
Smári	Ingvar Hjálmarsson	Svala Bjarnadóttir	
Smári	Lilja Össurardóttir	Einar Einarsson	
Smári	Bjarni Másson		
Smári	Hulda Hrönn Stefánsdóttir		
Smári	Aðalheiður Einarsdóttir		
Snarfari			
Snæfaxi			
Snæfaxi			
Snæfellingur	Ásdís Ólöf Sigurðardóttir	Gísli Guðmundsson - mætir	
Snæfellingur	Ólafur Tryggvason-kemst ekki		
Snæfellingur	Herborg Sigurðardóttir		
Snæfellingur	Siguroddur Pétursson		
Sóti	Jóhann Þór Kolbeins		
Sóti	Elfur Erna Harðardóttir		
Sprettur	Sveinbjörn Sveinbjörnsson	Björgvin Þórisson	
Sprettur	Hermann Vilmundarson	Guðlaug Stephensen - mætir	
Sprettur	Kristín Njálisdóttir	Elva Björk Sigurðardóttir	
Sprettur	Sigurður Tyrfingsson		
Sprettur	Berglind Guðmundsdóttir		
Sprettur	Ragna Emilsdóttir-kemst ekki		
Sprettur	Halldór Halldórsson		
Sprettur	Ragnheiður Samúelsdóttir		
Sprettur	Arnhildur Halldórsdóttir		
Sprettur	Magnús Benediktsson		
Sprettur	Snorri Garðarsson		
Sprettur	Matthildur Kristjánsdóttir		
Sprettur	Kristinn Hugason		
Sprettur	Linda Björk Gunnlaugsdóttir		
Sprettur	Ríkharður F. Jensen		
Stormur	Viktor Pálsson		
Stormur	Sonja Elín Thompson		
Sörli	Páll Ólafsson	Björn Páll Angantýsson	
Sörli	Hlynur Árnason	Valka Jónsdóttir	
Sörli	Arnór Kristinn Hlynsson		
Sörli	Sigurður Ævarsson		
Sörli	Eggert Hjartarson		
Sörli	Dagbjört H. Guðbjörnsdóttir		
Sörli	Kristján Jónsson		

Sörli	Kristín Ingólfssdóttir		
Sörli	Oddný M. Jónsdóttir		
Sörli	Hanna Rún Ingibergsdóttir		
Sörli	Thelma Víglundsdóttir		
Trausti	Guðmundur Birkir Þorkelsson		
Trausti	Kjartan Gunnar Jónsson		
Þjálfari	X - ekkert komið, svara ekki		
Þráinn	X - ekkert komið, svara ekki		
Þytur	Sigríður Ólafsdóttir	Sigrún Þórðardóttir	
Þytur	Vigdís Gunnarsdóttir		
Þytur	Guðrún Ósk Steinbjörnsdóttir		
Þytur	Pálmi Geir Ríkharðsson		